

Mál nr. 270/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Gildissvið vátryggingar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. júlí 2024, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 11. ágúst 2024, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M hafi átt í viðskiptum við erlenda ferðapjónustu vegna fyrirhugaðrar ferðar til Barcelona. Greiðsla fyrir ferðina átti fara fram í tveimur hlutum og greiða átti 1800 evrur í hvort skipti. Í boði var að nota kreditkort eða erlenda millifærslu. M kaus að nota kort og greiddi fyrri greiðsluna sem nam kr. 274.981 til fyrirtækisins þann 29. maí 2024. Þann 4. júní 2024 barst M svo tölvupóstur sem hann taldi vera frá fulltrúa erlendu ferðapjónustunnar þar sem fram kom að kortagreiðslan hefði verið ógild og spurt hvort M gæti millifært á banka með IBAN. M tók þessu trúanlega og millifærði með aðstoð síns viðskiptabanka kr. 270.540 sem svarar til 1800 evra, inn á bankareikning á Spáni. Um mánaðamótin júní/júlí tók M eftir að hann hefði tvígreitt, kortagreiðslan hefði einnig farið í gegn og í ljós kom að um var að ræða netsvik þar sem óprúttir aðilar höfðu komist inn í tölvupóstsamskipti M við fulltrúa erlendu ferðapjónustunnar og síðan komið fram gagnvart M sem seljandi ferðarinnar. M hefur vegna þessa rætt við lögreglu og einnig hefur erlendi ferðaaðilinn gert hið sama. Hefur M gert kröfu um bætur úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna fjármuna sem hann glataði í þessum netsvikum, annars vegar á grundvelli þess að um innbrotspjófnað hafi verið að ræða og svo hins vegar greiðslukortatjóns. V hefur hafnað bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M þar sem tjónið fellur ekki undir gildissvið tryggingarinnar.

M telur of þrönga túlkun vera á þjófnaðarhugtaki tryggingarskilmála. Sá sem kaupir sér innbrotstryggingu geri það í þeirri trú að hún gildi hvers kyns innbrotum, einnig netinnbrotum. Þá var ferðin keypt með korti en með svikum og innbroti er það greiðsluferli rofið og sagt að kortagreiðslan hafi reynst ógild og þess vegna sé nauðsynlegt að millifæra á uppgefin reikning sem reyndist stofnaður í sviksamlegum tilgangi. Eigandi kortsins situr uppi með tapið. Ákvæði í skilmálum tryggingarinnar varðandi greiðslukort séu ekki í takti við tímann, frekar en skilgreiningin á innbroti og þjófnaði.

V hefur líkt og fyrr segir hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að fjársvik líkt og M lýsir í málskoti sínu fellur ekki undir gildissvið fjölskyldutryggingarinnar. Í 6. kafla skilmálans er fjallað um greiðslukortatryggingu. Orðalag ákvæðisins er skýrt um skilyrði bótaskyldu og hafnar V að tjóni M verði jafnað við þau tjónsatvik sem falla undir trygginguna. Þá virðist M vera að gera kröfu um að skilgreining á innbroti verði útvíkkað svo það nái einnig yfir netinnbrot. Að mati V er orðalag ákvæðisins D-liðar 3. gr. skilmálans sem fjallar um innbrotspjófnað, skýrt og auðskiljanlegt skv. orðanna hljóðan. Hafnar V því að það atvik sem hér er til umfjöllunar geti verið fellt undir þennan bótalið. Þá vísar V til þess að samkvæmt 26. gr. almennra skilmála bætir V ekki hvers kyns tjón sem beint eða óbeint hlýst af netglæpum.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort M eigi rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni vegna fjármuna sem hann glataði vegna netsvika í tengslum við ferð sem hann keypti í gegnum erlenda ferðapjónustu. Vísar M til þess að annars vegar hafi verið um innbrotspjófnað að ræða og svo hins vegar greiðslukortatjón. Sönnunarbyrði hvílir á M um að tjón falli undir gildissvið vátryggingarinnar skv. almennum sönnunarreglum. Í 1. kafla innbústryggingar í vátryggingarskilmálum V er í D-lið 3. gr. fjallað um innbrotspjófnað. Þar kemur fram að vátryggingin taki til þjófnaða við innbrot í læsta íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar, sumarhús eða hjólhýsi. Innbrot í tölvupóstsamskipti fellur skv. orðanna hljóðan ekki hér undir. Í 6. kafla skilmálans er fjallað um greiðslukortatryggingu og er í gildissvið þeirrar tryggingar afmarkað við greiðslukort sem tapast eða óviðkomandi aðili notaði það með sviksamlegum hætti. Hér er um hvorugt tilvikið að ræða enda tengist tjón M ekki notkun óviðkomandi aðila á kreditkorti M. Fyrrgreind ákvæði vátryggingarskilmálans eru skýr auk þess sem

netglæpir eru sérstaklega undanskildir skv. 26. gr. almennra skilmála V. Með vísan til framangreinds er bótaskylda vegna netsvika er M varð fyrir ekki til staðar úr fjölskyldutryggingu M hjá V. Rétt er að geta þess, vegna athugasemda M í málskoti, að í samræmi við almennar reglur samningaréttar um samningsfrelsi er vátryggingafélögum almennt frjálst að ákveða efni vátryggingarsamnings og þar af leiðandi gildissvið vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinn hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir